

Aðalfundur Hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Fundur 115 - Aðalfundur

Miðvikudagur 10. apríl 2019

kl. 20:00 á sal Glerárskóla

Mættir úr stjórn hverfisnefndar: Berglind Rafnsdóttir formaður hverfisnefndar, Auður Inga Ólafsdóttir fundarritari, Eiríkur K. Aðalsteinsson fundarstjóri, Páll Árdal, Víðir Benediktsson og Einar Gauti Helgason + 19 gestir + Guðríður Erla Friðriksdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og mannvirkjasviðs. Fjarverandi úr stjórn er Helgi Stefánsson.

Dagskrá fundarins:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Kosning nýrrar stjórnar
- Nýi leikskólinn í hverfinu
Guðríður Erla Friðriksdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar fræðir okkur um staðsetningu, útlit og umfang nýja leikskólans.
- Opin umræða um hverfið okkar og spurningum svarað.

Berglind setur fundinn og tilnefnir Auði ritara og Eirík fundarstjóra sem er samþykkt einróma. Eiríkur fer yfir dagskrána og gefur formanni orðið. Berglind fer yfir skýrslu formanns. Talað um atburði tímabilsins. Þar kemur fram að það helsta, sem nefndin hefur verið upptekin af, eru leikskólamálin og umferðarmál Krossanesbrautar og Hörgárbrautar. Engin mál hafa formlega komið inn á borð nefndarinnar þetta misserið. Berglind formaður tilkynnir jafnframt að hún og Helgi Stefánsson ætli að hætta störfum fyrir hverfisnefndina og þakkar fyrir sig.

Eiríkur fundarstjóri óskar eftir framboðum í nefndina - engin býður sig fram en sitjandi nefnd samþykkt með lófaklappi.

Næst kynnir fundarstjóri, Guðríði Erlu Friðriksdóttur sviðsstjóra Umhverfis og mannvirkjasviðs til leiks. Hún kynnir hvernig uppbygging nýs leikskóla muni verða við glerárskóla.

Fram kemur að :

- skólinn mun verða 1400 fm a stærð og gert ráð fyrir 145-150 leikskólabörnum frá 18 mánaða - 5 ára aldurs.
- Áætluð staðsetning skólans er suðvestan megin við Glerárskóla - þar sé minnst rask við byggingu þess. Guðríður sýnir teikningar af húsinu og staðsetningu þess á korti.
- skólinn á að vera rúmgóður og bjartur, en 9 fm eru hugsaðir á barn þannig að mjög rúmt verði um börnin við leik og störf
- bílastæði verði á klöppunum sem og austan megin við leikskólann og þá sunnan megin við Glerárskóla.
- Útisvæði ofan á þaki leikskólans sem og sunnan við hann.
- Guðríður kynnir útlitsmyndir af skólanum, önnur myndin snýr í s-austur, hin í austur. Þar sést að hann eigi að vera 2 hæðir en að hæð hans verði lægri en íþróttahús Glerárskóla.
- 7 deildir verða í húsinu, 5 uppi og 2 niðri.

Í kjölfar þessara útskýringa eru umræður og fyrirspurnir úr sal, fyrst um umferð.

Guðríður svarar að í heildina dragi úr umferð þar sem gert er ráð fyrir að fólk nýti sér betur möguleikann á að ganga í skólann með börnin ef skóli er í hverfinu - að við verðum að fylgja þeirri þróun umhverfismála, að bílar séu hverfandi samgöngumáti fólks. Unag fólkið hugsi öðruvísi og noti frekar önnur umhverfissvænni farartæki. Kröfur til bílastæða fari þverrandi hjá þeim hópi fólks og að með færri bílastæðum er hegðuninni stjórnað í þessum efnum hjá fólki þannig að það sjái sér frekar hag í að nota almenningssamgöngur.

Aftur er spurt úr sal um aðstæður fyrir foreldra og starfsmenn sem hjóla með börn og í starf.

Guðríður svarar að ekki sé búið að hanna lóðina fyrir það ennþá. Hugmynd kom úr sal að hafa vagnstæði fyrir vagna fyrir utan.

Næst sýnir Guðríður kynni mynd sem sýnir inn á deild skólans og þá er spurt um fjölda barna á leikskólanum, hvort hann sé eðlilegur t.d. fyrir kennara skólans. Anna Lilja leikskólastjóri Íðavalla, sem var ein af gestunum 19, svarar þeirri fyrirspurn þannig að hún hafi komið inn í svipað stóra skóla annars staðar og ekki fundið fyrir fjöldanum. Yngstu börnin verða höfð á sérdeild.

Lúxus að hafa skóla, leikskóla og íþróttasvæði á einum stað þar sem er nóg pláss. Hluti af bílastæði vestan megin fara undir skólann. Planið er að halda í náttúrulegt útlit klappa og að stígurinn sem þar er í dag fari í gegnum gang (byggingu) sem sameinar skólana. Inngangur sundlaugar breytist og verður sýnilegri.

Spurning úr sal um framtíðarhugmyndir. Að Íþróttafélagið Þór hafi komið að hugmyndavinnu um framtíðarsýn og -stefnu á svæðinu. Fyrirhuguð bygging leikskóla skemmi þá sýn þar sem sú bygging verði til þess að ekki verði t.d. hægt að stækka íþróttahús og tenging Þórs við skólann yrði minni. Spurt er um opnun skólans, Guðríður svarar árið 2021. Að hönnun sé að fara af stað með fræðsludeildinni. Spurt er um fjölda starfsmanna - Gert er ráð fyrir 45-50 starfsmönnum. Spurt er um hvort einhverjar kynningar um þéttingu byggðar séu komnar, því svaraði Guðríður neitandi.

Fulltrúi skipulagssviðs svarar úr sal: 3 lóðir hafa verið úthlutaðar - útboð á lóð við hringtorg, auk parhúsalóðar og fjölbýlislóð. Spurt er um Krossanesbrautina- hvað eigi að gera við hana áður en þar verði byggt - hvernig umferð eigi að verða dreift frá hafnarsvæði. Berglind formaður hverfisnefndar segir nefndina fylgjast grant með öllu skipulagi sem á borð nefndarinnar koma og fylgst verði vel með því sem þar er sett fram.

Bent er á, að á horninu við Undirhlíð og á Krossanesbraut vanti gangbrautir og að snjómokstur mætti vera betri á þessu svæði. Einngi kom fram að það vanti gögnuleið frá undirgöngum sunnan með Hörgárbraut.

Önnur mál voru engin.

Eiríkur lokar fundinum 21:00

Húsinu lokað kl.21.15